

Fróðleiksmoli um peysufatadaginn



Forsögu peysufatadagsins má rekja til upphafsára Kvennaskólans. Þegar hann var stofnaður 1874 mættu nemendur í skólann á peysufötum, með skotthúfur, hvít stífuð brjóst, góð slifsi (breiður silkiborði þræddur við hálsmál peysunnar og bundinn í slaufu) og viðeigandi svuntur. Smám saman varð vinsælt að klæðast eftir danskri tísku og mættu þá stúlkurnar í kjólum í stað peysufatanna. Á endanum lagðist sá siður af að mæta á peysufötum. Það þótti svolítill eftirsjá í því að nemendur væru aldrei í peysufötum, svo að um 1920 var sá siður tekinn upp að nemendur mættu einn dag á ári í peysufötum og hefur það haldist síðan.



Heimildir

Aðalsteinn Eiríksson (1974). „Saga skólans.“ *Kvennaskólinn í Reykjavík 1874-1974*. Guðrún P. Helgadóttir, Aðalsteinn Eiríksson o.fl. (ritnefnd). Reykjavík Almenna bókafélagið, bls. 89-206.